

## ***Reglur Mosfellsbæjar um greiðslu kennslukostnaðar vegna tónlistarnáms í öðrum sveitarfélögum***

### **Almennt**

Mosfellsbær stefnir að því að almennt tónlistarnám fari fram í Listaskóla Mosfellsbæjar sem starfar samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Undantekning frá þessu er ef tónlistarnám verður sérhæfðara en boðið er upp á við Listaskóla Mosfellsbæjar eða af öðrum orsökum talið hagkvæmt fyrir Mosfellsbæ að nám fari fram í tónlistaskóla utan sveitarfélags.

### **1. kafli – Forsendur**

1. Nemendur sem stunda tónlistarnám við Listaskóla Mosfellsbæjar geta óskað eftir greiðslum kennslukostnaðar vegna tónlistarnáms við annan tónlistarskóla ef Listaskóli Mosfellsbæjar getur ekki séð um kennslu þeirra lengur, m.a. vegna sérhæfingar námsins.
2. Nemendum sem flytja lögheimili til Mosfellsbæjar og hafa stundað tónlistarnám í öðru sveitarfélagi er bent á að sækja um nám við Listaskóla Mosfellsbæjar.
3. Nemendur sem flytja til Mosfellsbæjar eiga aðeins kost á áframhaldandi námi utan sveitarfélags ef þeir fá ekki inngöngu í Listaskóla Mosfellsbæjar eða ef ekki er boðið upp á sambærilegt tónlistarnám þar.
4. Ef nemandi uppfyllir skilyrði 7. gr. reglugerðar um framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga, gefst honum kostur á að sækja tónlistarnám í öðru sveitarfélagi.
5. Afgreiðsla umsókna um tónlistarnám í öðrum tónlistarskólum en Listaskóla Mosfellsbæjar er á vegum Listaskólans fyrir hönd fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar og fer Listaskóli Mosfellsbæjar fyrir hönd fræðslu- og frístundasviðs með umboð Mosfellsbæjar gagnvart öðrum sveitarfélögum vegna þessara greiðslna.

### **2. kafli – Almennar reglur**

1. Mosfellsbær greiðir einungis fyrir nám í tónlistarskóla fyrir nemendur sem óska eftir að stunda nám í öðru sveitarfélagi en Mosfellsbæ, í samræmi við þær reglur um kröfur, ástundun og framvindu í námi sem nánar er kveðið á um í 3. kafla.
2. Greiðsla samræmist því kennslumagni sem nemandi fengi sem og kennslukostnaði við Listaskóla Mosfellsbæjar og getur aldrei orðið hærrí.
3. Sækja þarf um námsvist í tónlistarskóla í öðru sveitarfélagi til sveitarfélagsins (Mosfellsbæjar) í gegnum þjónustugátt Mosfellsbæjar fyrir 1. júní vegna komandi skólaárs.
4. Ef nemandi í Listaskóla Mosfellsbæjar flytur lögheimili sitt úr Mosfellsbæ í annað sveitarfélag á skólaárinu þá er nemandanum heimilt að ljúka yfirstandandi önn sem hafin er. Óski nemandi að halda námi áfram hjá Listaskóla

Mofellsbæjar þarf að liggja fyrir samþykki greiðslu kennslukostnaðar frá lögheimilissveitarfélagi.

5. Framlög vegna nemenda á framhaldsstigi sem og miðstigi í söngnámi heyra undir reglur um framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
6. Mosfellsbær áskilur sér rétt að takmarka fjölda nemenda sem greitt er með til tónlistarskóla í öðrum sveitarfélögum til samræmis við svigrúm í fjárhagsáætlun hverju sinni.
7. Mosfellsbær greiðir ekki með nemendum sem stunda tónlistarnám á háskólastigi. Ekki er greitt með yngri en 6 ára nemendum og ekki er greitt með nemendum eftir að þeir hafa náð 20 ára aldri.

### 3. kafli - Reglur um kröfur, ástundun og framvindu

1. Sækja þarf um námsvist í tónlistarskóla í öðru sveitarfélagi til sveitarfélagsins (Mosfellsbæjar) í gegnum þjónustugátt Mosfellsbæjar fyrir 1. júní vegna komandi skólaárs.
2. Í umsókn nemandans þarf að koma fram rökstuðningur fyrir því að viðkomandi óskar eftir að stunda tónlistarnám annars staðar en við Listaskóla Mosfellsbæjar.
3. Liggja skal fyrir samþykki þess sveitarfélags eða þess tónlistarskóla þar sem til stendur að stunda tónlistarnám í, með útlitun á því námi og námshlutfalli, einkatímum eða hóptímum sem nemandi óskar eftir ásamt staðfestingu frá viðkomandi skóla um fyrirhugaðan kennslukostnað vegna námsins.
4. Námsástundun umsækjanda þarf að hafa verið a.m.k. 80% að meðaltali s.l. 3 skólaár við Listaskóli Mosfellsbæjar eða sambærilegan tónlistarskóla.
5. Leggja skal fram afrit af námsvottorði síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein sem mun haft til hliðsjónar við mat á styrkhæfi nemandans. Ef umbeðin gögn fylgja ekki umsókn áskilur Mosfellsbær sér rétt til þess að hafna umsókninni.
6. Listaskóli Mosfellsbæjar skal setja hverjum og einum nemenda framvindukröfur. Í því samhengi skal eftirfarandi haft til hliðsjónar:
  - a) Ef veitt er heimild til að stunda nám í öðru sveitarfélagi, skal eftir sem áður setja framvindukröfur með það að leiðarljósi að framvinda í námi sé sambærileg og almennur hluti aðalnámskrár tónlistarskóla segir til um. Hér er gert ráð fyrir að grunnnám, miðnám og framhaldsnám taki samtals 10 ár.
  - b) Í kröfum um námsframvindu eru einnig kröfur um námsástundun og námsárangur frá ári til árs. Viðkomandi skólar skulu skila vottorði vegna þessa.